

Dr. Sigríður Halldórsdóttir
Prófessor í hjúkrunarfræði
3. des. 2003

Hugmyndafræði hjúkrunar Heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri

Hlutverk hjúkrunarfræðibrautar HA

Hlutverk hjúkrunarfræðibrautar er að þróa nýja þekkingu í hjúkrunarfræði með rannsóknum, varðveita núverandi þekkingu og miðla henni áfram til nýrra meðlima fræðigreinarinnar. Brautin er ábyrg fyrir því að skapa og viðhalda viðeigandi námsumhverfi með því að hafa í heiðri kröfur um hið besta mögulega í kennslu og rannsóknum.

Hjúkrunarmenntun

Hjúkrun er fræðigrein og hjúkrunarmenntun er ákveðið ferli, sem byggir á settum markmiðum fræðigreinarinnar. Markmiðið er að búa nemendurna undir starf í nútímaþjófélagi innan fræðigreinar sem er jafnframt þjónustugrein í stöðugri þróun.

Meginmarkmið hjúkrunarbrautar HA er að útskrifa hjúkrunarfræðinga sem eru faglega færir, hafa til að bera fagvisku og umhyggju fyrir sjálfum sér og öðrum, eru færir um uppbyggjandi samskipti og myndun tengsla við skjólstæðinga og samstarfsfólk og sem þekkja og leggja rækt við sjálfa sig. Að auki er áhersla á að útskrifa hjúkrunarfræðinga sem eru færir um að vinna í dreifbýli landsins við fjölbreyttar aðstæður.

Skilgreining hugtaka

Heilbrigði er persónuleg upplifun einstaklingsins og er afrakstur þeirra þátta sem saman mynda það heildarsamhengi sem hann býr við. Heilbrigði hefur margar víddir þ.á.m. líkamlega, andlega, tilfinningalega, geðræna, félagslega og samfélagslega. Hægt er að styrkja eða veikja heilbrigði með aðgerðum einstaklingsins sjálfs eða annarra. Í stuttu máli er heilbrigði tilfinning einstaklingsins af styrk sem gerir honum kleyft að ná sínum mikilvægustu markmiðum sem tengjast hamingju og velferð hans þegar til lengri tíma er litið.

Umhverfi eða samhengi hvers einstaklings er tvenns konar: *innra samhengi* sem samanstendur af þörfum einstaklingsins, væntingum hans, fyrri reynslu og upplifun af sjálfum sér; *ytra samhengi* er það sem er utan einstaklingsins og hefur áhrif á hann.

Mannveran er einstaklingur sem er hluti af fjölskyldu og samfélagi. Sem þjónustuþegi hjúkrunar er einstaklingurinn auðsæránleg persóna í þörf fyrir faglega umhyggju, sem felur í sér faglega færni hjúkrunarfræðings, umhyggju og jákvæð samskipti og tengsl.

Hjúkrun er sjálfstæð fræðigrein með sjálfstæð markmið og þjónustu. Hjúkrun á sér stað í gegnum faglega umhyggju sem felur í sér faglega færni, umhyggju og jákvæð samskipti og tengsl. Þegar hún er veitt eykur það heilbrigði og vellíðan skjólstæðingsins og hann eflist. Þegar fagleg umhyggja er ekki veitt þar sem þörf er á henni virkar það hamlandi á skjólstæðinginn.

Námskrárþræðir

Námskrárþræðirnir eru m.a. notaðir til að við getum betur glöggvað okkur á því hvernig hjúkrunarfræðing við viljum sjá við útskrift og hvernig við förum að því að ná markmiðum okkar. Námskrárþræðina má kalla *rauðu þræðina* sem ganga í gegnum allt námið, þeir eru:

- *Fagleg færni*
- *Fagvíska*
- *Umhyggja*
- *Samskipti og tengsl*
- *Sjálfsþekking og sjálfsrækt*

Hvernig hjúkrunarfræðing viljum við sjá við útskrift?

- **Fagleg færni: Hjúkrunarfræðing sem er FAGLEGA FÆR.**
 1. Fær í að *styrkja* skjólstæðinga
 2. Fær í að *meta* ástand, þarfir og viðbrögð skjólstæðinga
 3. Fær í að *taka* klínískar ákvarðanir (*bregðast rétt við*)
 4. Fær í að *veita hjúkrunarmeðferð* og *fylgja henni eftir*.
 5. Fær um að *skrú* hjúkrun á kerfisbundinn hátt eftir ákveðnum flokkunarkerfum til að hjúkrunin verði ábyrg, markviss og samfelld.
 6. Fær í að *fræða* skjólstæðinga.
 7. Fær í að *framkvæma* ákveðin verk (*tæknileg færni*).
 8. Fær í að vera *talsmaður skjólstæðinga*.
 9. Fær í að *leiða starf, skipuleggja og stjórna* hjúkrun einstaklinga og hópa.
 10. Fær í að *nýta sér upplýsingatækni* og að afla sér nýjustu þekkingar á hverjum tíma.
- **Fagvíska: Hjúkrunarfræðing sem hefur til að bera FAGVISKU** og kann að nýta sér hana.
 1. Hefur nauðsynlega *þekkingu* og *skilning* á manningum, heilbrigðum og sjúkum, og hjúkrun hans við ólíkar aðstæður.
 2. Er *skarpskyggn* og hefur *framsýni*, áttar sig á áhrifum menningarinnar á hjúkrun og hjúkrunarfræðinga og kemur auga á strauma og stefnur er varða heilbrigði, hjúkrun og heilbrigðisþjónustuna.
 3. Er *gagnrýninn* og *skapandi í hugsun* og byggir starf sitt á *gagnreyndri þekkingu* – er meðvitaður um mikilvægi rannsókna.
 4. Er *opinn* og *gagnrýninn á nýjungar*.
 5. Hefur óhlutbundna hugsun þ.e. *innsýn* og *innsæi, heilbrigða dómgreind* og *rökvísi*.
 6. Er *agaður, vandvirkur og nákvæmur*.
 7. Hefur getu til að *ígrunda á gagnrýnan máta* eigin verk og viðbrögð.
 8. Leggur *rækt við listina að hjúkra*.

- **Umhyggja: Hjúkrunarfræðing sem hefur UMHYGGJU fyrir sjálfum sér, skjólstæðingnum (ásamt fjölskyldu/aðstandendum hans) og samstarfsfólki**
1. Er *raunverulega ann*t um sjálfan sig, skjólstæðing sinn, sem persónu og sem skjólstæðing, og samstarfsfólk.
 2. Er *hlýr, opinn og næmur* á sjálfan sig og aðra – t.d. næmur á líðan og þarfir skjólstæðinga.
 3. Er *siðferðilega ábyrgur* og ber *virðingu* fyrir sjálfum sér og öðrum.
 4. Er meðvitaður um og tekur tillit til *mismunandi menningarbakgrunns* skjólstæðinga og *sérstöðu* þeirra.
 5. Er *til staðar* fyrir skjólstæðinginn og fær um að veita honum *óskipta athygli*
 - i. Er til staðar í *samræðu*, í því að hlusta og bregðast við
 - ii. Er til staðar í *aðstæðum*, líkamlega og tilfinningalega
 6. Er *óhræddur* við erfiðar tilfinningar og þjáningu annarra og getur t.d. *stutt* aðra í sorg.
 7. Hefur *einlægán áhuga* á hjúkrun og hefur *hugrekki* til að gefa af sjálfum sér sem faglegur hjúkrunarfræðingur og vera þannig *þátttakandi* í lífi annarra.

- **Samskipti og tengsl: Hjúkrunarfræðing sem er fær um UPPBYGGJANDI SAMSKIPTI OG AÐ MYNDA TENGLI við skjólstæðinga og samstarfsfólk**
1. Kann að hafa *frumkvæði* að samskiptum og tengslum
 2. Kann að *mynda tengsl*, byggð á gagnkvæmu trausti, við skjólstæðinga og samstarfsfólk (byggja brú með samskiptum).
 3. Kann að ná *faglegri nánd* við skjólstæðinga.
 4. Hefur *samstarfsvilja* og kann að vera í *samstarfi*.
 5. Kann að *viðhalda faglegri fjarlægð* svo tengsl við skjólstæðinga haldist innan hins faglegra sviðs.

- **Sjálfsþekking og sjálfsrækt: Hjúkrunarfræðing sem ÞEKKIR og LEGGUR RÆKT VIÐ SJÁLFAN SIG sem persónu og sem hjúkrunarfræðing**
1. Hefur *skýra sjálfsmýnd* og *eðlilegt sjálfstraust*
 2. Hefur *skýra fagvitund*, er *faglega sjálfstæður* og *skapandi*.
 3. Hefur *eðlilegt sjálfsöryggi* og *faglegt öryggi*
 4. Þekkir *eigin viðhorf* og *tilfinningar*
 5. Þekkir *styrkleika* sína
 6. Þekkir *veikleika* sína og *takmörk*
 7. Er *faglega sjálfstæður* og *skapandi*
 8. *Leggur rækt við sjálfan sig sem persónu og sem hjúkrunarfræðing*
 - Kann *streitustjórnun*, t.d. slökun.
 - Hefur þróað með sér leiðir til að *verjast kulnun*.
 - *Viðheldur fagmennsku sinni*. Er t.d. vakandi fyrir *sístæðri þekkingarþróun* og stundar því endur- og símenntun. -
 - Getur unnið úr erfiðum tilfinningum og aðstæðum og kann að nýta sér handleiðslu þegar við á.

ÞEKING OG SKILNINGUR HJÚKRUNARFRÆÐINGA (hluti af fagvisku liður 1) þarf að vera á eftirtöldum sviðum:

A. Mannvísindi –

- a. **Líkaminn – heill og sjúkur.** Uppbygging og starfsemi líkamans og einstakra vefja
 - i. **Heill:** Líffærafræði, lífeðlisfræði og lífefnafræði. Næringarfræði. Vöxtur og þroski mannsins. Líkamsmat.
 - ii. **Sjúkur:** Meinafræði, sjúkdómafræði, sýkla- og ónæmisfræði, lyfjafræði, sjúkrafæði.
- b. **Maðurinn í samfélagi við sjálfan sig og aðra (t.d. fjölskylduna).** Heilsufélagsfræði, sálarfræði, vöxtur og þroski, heimspeki, siðfræði, sjálfsþekking.

B. Hjúkrunarvísindi

- a. **Almenn hjúkrunarvísindi**
 - i. Hjúkrunarfræði I, II, III og IV
- b. **Hjúkrun *heilbrigðra* einstaklinga**
 - i. Heilsugæsla
 - ii. Fjölskylduhjúkrun
 - iii. Barneignir, heilbrigði kvenna og fjölskyldunnar
 - iv. Heilbrigðisfræðsla
- c. **Hjúkrun sjúklinga *eftir sjúkdómsástandi* (einkennum)**
 - i. Hjúkrun einstaklinga með *líkamleg* heilbrigðisvandamál
 - ii. Hjúkrun einstaklinga með *geðræn* heilbrigðisvandamál
 - iii. Hjúkrun einstaklinga með *bráð* heilbrigðisvandamál
- d. **Hjúkrun sjúklinga eftir aldursskiptingu**
 - i. Barnahjúkrun
 - ii. Öldrunarhjúkrun

C. Almenn vísindi

- a. **Tölfræði og aðferðafræði**